

Rótarýklúbburinn Görðum – Fundargerð 29.fundar 9.mars 2020

Fyrirlesari dagsins var klúbbfélagi okkar **Einar Sveinbjörnsson** og nefndist erindi hans **Loftslagsmálin- er eitthvað hægt að gera?** Í fyrstu lýsti hann sex aðgerðum sem best gætu gagnast við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og það fundarmenn að íhuga þær. Niðurstöður þessara athugana benda til þess að áhrifaríkast er að bæta menntun kvenna, einkum í þriðja heiminum því slíkt dregur úr fólksfjölgun. Álíka áhrifamikilið eða litlu mikilvægara væri að helminga matarsóun frá því sem nú er. Næst í röðinni væri að helmingur mannkyns gerðist grænkerar og þar á eftir kæmi að skipta um kælimiðla í ísskápum. Álíka mikilvægt og að skipta um kælimiðla væri endurheimt regnskóga sem horfið hafa á síðustu áratugum . Nokkru neðar í röðinni kæmi svo að auka nýtingu vindorku á landi um 20%.

Ísöld á jörðinni lauk fyrir um 10 þúsund árum en á síðustu 8 þúsund árum þar á undan hafði hitastig hækkað verulega. Um landnám var hlýviðraskeið á Íslandi en um 1300 fer að kólna af ókunnum orsökum. Kenningar hafa verið uppi um eldgos en það er ekki staðfest. Talað er um litlu ísöld á 19.öld og á síðari hluta hennar voru Vesturferðir Íslendinga í hámarki. En alla 20. og 21 öldina hefur verðurfar farið hlýnandi. Mestu munar um breytinguna síðustu áratuginna. Afleiðingar þessarar hlýnunar hér á landi hafa komið fram í minnkandi jöklum, fleiri góðum sumardögum, mildari norðanátt og minni snjó en einnig í hlýnandi sjó og þar með breytingum á fiskgengd. Á tímabilinu 1920 til 2015 hefur gríðarmikill ís bráðnað í Norðurhöfum en heldur hefur hægt á því í bili. Hlýnandi sjór við Ísland hefur valdið hruni í loðnustofninum sem færst hefur norður á bóginn þar sem vaxtarskilyrðin eru mun lakari. Athuganir hafa sýnt að loðna var um 50% af fæðu þorsks á útmánuðum svo hann leitar í aðrar tegundir.

Þessar afdrifaríku breytingar má rekja til aukningar CO₂ í andrúmsloftinu sem vex og vex þrátt fyrir Kyoto- og Parísarráðstefnur. Mælingar á CO₂ hófust ekki með reglulegum hætti fyrir en um 1960 og frá þeim tíma hefur magnið í andrúmsloftinu vaxið um rúmlega þriðjung. Frá því að Kyoto ráðstefnan var haldin hefur losun á heimsvísu aukist um tæp 3% á ári. Hafið tekur við um ¾ hlutum þessarar aukninga og veldur því að það súrnar. Til þess að reyna að sporna við þessari þróun lýsti Einar tilraun sem lofar góðu og er í gangi í British Columbia í Kanada og felst í kolefnisskatti með endurgjaldi. Tilraunin hefur staðið frá 2008 og á þeim tíma hefur losunin þar minnkað um 16% en aukist á sama tíma í öðrum hlutum Kanada um 9%. Af þessu má ráða að með því að gera mengun að kostnaði myndast hvati til þess að leyta raunhæfra lausna.

Í umræðum að loknu erindi kom m.a. fram að bráðnun jökla hér á landi hefur leitt til þess að Landsvirkjun hefur þegar stækkað ýmisar virkjanir og áformar frekari stækkanir til þess að nýta aukið vatnsrennsli næstu áratugi.

3ja mínútna erindið var í höndum **Guðmundar Einarssonar**. Fjallaði hann um ferð þeirra hjóna til sunnaverðrar Afríku þar sem þau heimsóttu Suður-Afríku, Zimbabve, Namibíu , komu að Viktoríufossunum o.fl. Honum varð tíðrætt um þá miklu örbirgð sem víða blasti við en í Namibíu höfðu þau ekki hátt um þjóðerni sitt.

Á fundinn mættu 30 félagar, þar af voru 4 án mætingarskyldu. Aukamætingar voru engar og skráðar mætingar því 30.